

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 807/2009 um breytingu á reglugerð nr. 206/2007 um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/2008 frá 27. október 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2009 frá 29. maí 2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 15. október 2009, bls. 46.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. mgr. 28. gr. og 28. gr. a, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 26. ágúst 2010.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. september 2010